

Fundargerð 306. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 20. maí 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson, , Eygjó Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Egill bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 12. maí 2010. Liður 5 undir önnur mál: Afgreiðslu frestað til næsta fundar á meðan frekari gagna er aflað. Að öðru leiti samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. **1005011** Ársreikningur 2009, seinni umræða. Guðmundur Snorrason endurskoðandi kom og fór yfir ársreikninginn. Ársreikningurinn ræddur og samþykktur.
2. **1004036** Rekstur Grænagarðsbrunnns í Flatey. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Vatnsveitu Flateyjar um rekstur brunnsins á grundvelli þeirra samningsdraga sem liggja fyrir. Ekki skal innheimta stofngjald af þeim sem nú þegar eru tengdir brunninum.
3. **1005022** Bréf dags. 7. maí s.l. frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum með ósk um styrk til útgáfu bókar um örnefni. Erindinu hafnað.
4. **1005028** Tölvupóstur dags. 14. maí s.l. frá nefndasvíði Alþingis með ósk um umsögn um frumvarp til laga til barnaverndarlaga, 557. mál. Ákveðið að veita ekki umsögn.
5. **1005025-26** Kjörskrá Reykhólahrepps vegna sveitarstjórnarkosninga 29. maí 2010 ásamt upplýsingum og leiðbeiningum. Kjörskráin yfirfarin og samþykkt.

Mál til kynningar:

1. **1005029** Tölvupóstur dags. 17. maí 2010 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um kostnaðaráhrif nýrra laga frá 2008 um leik- og grunnskóla og reglugerða á grundvelli þeirra. Kynnt.

Önnur mál:

1. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 20. maí 2010. Samþykkt.
2. **1005035** Staðfestingarbréf vegna endurskoðunar fyrir árið 2009, lagt fram til kynningar. Kynnt.
3. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 19. maí 2010. Samþykkt.
4. Samningur um grenjaleit. Samningurinn samþykktur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sing)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Eygjó Kristjánsdóttir (sing)

Óskar Steingrímsson (sign)